

Skipulagsstofnun
Harpa Dögg Magnúsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júlí 2012
Tilvísun: UST20120600143/bs

**Breyting á legu Þeistareykjalínu og Hólasandslínu við Bakka. Færsla á tengivirki.
Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða mögulega breytingu á staðsetningu tengivirkis og tveggja háspennulína frá þeirri staðsetningu sem kynnt var í mati á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Í breytingunni felst að umrædd mannvirki færist um 450 m til suðurs. Tengivirki verður staðsett um 200 m austan Norðausturvegar. Í þessu felst að háspennulínurnar þvera ekki Norðausturveg. Færsla háspennulínanna hefur í för með sér að heildarlengd háspennulínanna styttest og falla 1-2 möstur úr hvorri línu.

Talið er að sjónræn áhrif minnki við fyrirhugaða breytingu, þar sem mannvirkin færist fjær bænum á Héðinshöfða auk þess sem línurnar þvera ekki Norðausturveg.

Gróðurfar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er sambærilegur og á fyrri línustæði, þ.e. þurr fjalldrapamói. Þó mun ný lega línanna raska minna votlendi en upphaflegt línustæði.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er hvorki á náttúruminjasrá né á friðlýstu svæði. Breytt staðsetning mannvirkja mun ekki hafa áhrif á jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd breyting á legu Þeistareykjalínu og Hólasandslínu og færsla tengivirkis muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson